

Afrit af Lífsleikni, samfélags- og náttúrugreinar 3. bekkur

Kennarar: Halldóra Sædis Halldórsdóttir; Sigríður Birgisdóttir

3

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrufræði er lögð áhersla á þemanám og að nemendur taki virkan þátt í undirbúningi viðfangsefna. Áhersla er á að samþætta allar námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku m.a. samlestur, gagnvirkur lestur og lesskilning. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndvinnu, ritun, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu.

Í Lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina "Uppeldi til ábyrgðar", "Vaxandi hugarfarar" og "Verkfærakistu KVAN. Unnið er með jákvæðan bekkjaranda, hlutverk nemenda og annarra, þarfirnar og bekkjarsáttmáli gerður. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða leiðir í samskiptum. Unnið er með vináttuverkefni Barnaheilla.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - september : " Uppeldi til ábyrgðar" unnið með þarfir og gildi. Nemendur og kennari vinna saman að gerð bekkjarsáttmála.

Október - nóvember : Landnám Íslands

Desember - janúar : Trúarbragðafræði

Febrúar - apríl : Himingeimurinn

Mars - maí : Fuglar á Álftanesi og Margæsardagur.

Bekkjarfundir vikulega og oftast eftir þörfum þar sem unnið er eftir Uppeldi til ábyrgðar, KVAN og Vináttuverkefni Barnaheilla.

Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Nemendur gera sjálfsmat/jafningjamat á eigin frammistöðu með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu.

Kennaramat: Kennarar meta vinnu nemenda með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu. Í kennslustundum fer jafnframt fram leiðsagnarmat kennara.

Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu landnámið. Landnámssýningin Reykjavík í Aðalstræti. Ítarefni: www.nams.is. Einn dagur þúsund ár, sagan af Snorra og Eddu eftir Elínu Elísabetu Jóhannsdóttur.

Komdu og skoðaðu himingeiminn. Ýmsir vefir og smáforrit.

Trúarbrögðin okkar.

Fuglavefurinn. Ýmsar fuglabækur af bókasafni. Ýmsir vefir og smáforrit.

Fjölbreytt efni tengt Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugafars og Verkferakistu KVAN.